

# Greiðslutegundir lífeyristrygginga - janúar 2008

Ef greiðsla grunnlífeyris er ekki fyrir hendi vegna tekna þá greiðast ekki tengdir bótaflokkar.

Greiðslutegundir	Tekjur	Mán.gr.	Skerðing byrjar		Greiðslur falla niður		Skerðing
			Fritekjumark	Núllmark	ár	mán.	
<b>Ellilífeyrir</b>		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Ellilífeyrir	1	25.700	2.296.111	191.343	3.324.111	277.009	30
Tekjutrygging - grunnregla	4	81.100	0	0	3.341.820	278.485	38,35
Tekjutrygging - sérregla	5	38.500	0	0	692.965	57.747	66,67
Heimilisuppbót	4	23.900	0	0	2.538.053	211.504	11,30
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	6				2.091.348	174.279	
<b>Hámarksupphæð án uppbótar</b>		<b>130.700</b>					

Örorku-/endurhæfingarlífeyrir		kr.	Skerðing		Greiðslur falla niður		%
			ár	mán.	ár	mán.	
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	2	25.700	2.349.653	195.804	3.583.253	298.604	25
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	3	25.700					
Tekjutrygging - grunnregla	4	82.300	0	0	3.379.369	281.614	38,35
Tekjutrygging - sérregla	5	38.500	0	0	692.965	57.747	66,67
Heimilisuppbót	4	23.900	0	0	2.576.819	214.735	11,13
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	6				2.091.348	174.279	
<b>Hámarksupphæð án uppbótar</b>		<b>157.600</b>					

Annað		kr.	Skerðing		Greiðslur falla niður		%
			ár	mán.	ár	mán.	
Örorkustyrkur	2	19.000	2.349.653	195.804	3.565.653	297.138	18,75
Uppbót v/reksturs bifreiðar	7	9.500					
Vasapeningar	8	30.000	124.700	10.392	678.546	56.546	65

## Útskýringar á tekjutengingum:

### 1. Ellilífeyrir

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, húsaleigubætur, tekjur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaður. Fjármagnstekjur veða 50%. Tekjur maka skerða ekki. Frá 1. júlí 2007 koma atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri ekki til skerðingar hjá greiðsluþegum og mökum þeirra.

### 2. Örorkulífeyrir, endurhæfingarlífeyrir og örorkustyrkur

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, húsaleigubætur, tekjur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaður. Fjármagnstekjur veða 50%. Tekjur maka skerða ekki.

### 3. Aldurstengd örorkuuppbót

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

### 4. Tekjutrygging samkvæmt grunnreglu og heimilisuppbót

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur. Fjármagnstekjur veða 50%. Frá 1. júlí 2007 koma atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri ekki til skerðingar hjá greiðsluþegum og mökum þeirra.

Val milli 327.000 kr. frítekjumarks og 60% reglu. Lífeyrisþegi getur valið að hafa 327.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Tölvukerfi TR velur alltaf sjálfkrafa hagkvæmari kostinn.

Draga skal tekjuskerðingu grunnlífeyris frá tekjuskerðingu tekjutryggingar. Þetta leiðir til þess að núllmark tekjutryggingar er mismunandi eftir því hvort og þá hversu mikil skerðing grunnlífeyris er. Núllmark er það tekjumark sem greiðslur falla niður við.

Tekjutrygging ellilífeyrisþega	2.537.679	Lægsta núllmark	3.341.820	Hæsta núllmark
Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	2.575.228	Lægsta núllmark	3.379.369	Hæsta núllmark

### Eftirfarandi á aðeins við þegar um hjón er að ræða og taka þarf tillit til tekna maka við útreikning tekjutryggingar:

Eigin atvinnutekjur veða 75% en atvinnutekjur maka 25% í útreikningi tekjutryggingar.

Eigin lífeyrissjóðstekjur veða 100% en lífeyrissjóðstekjur maka hafa ekki áhrif í útreikningi tekjutryggingar á árinu 2008

Tekjutrygging er reiknuð skv. núgildandi tekjuforsendum og þær síðan bornar saman við forsendur ársins 2006.

Ef eldri reglur skila hærri greiðslu þá er það greitt sem sérstök viðbót við tekjutrygginguna.

### 5. Tekjutrygging samkvæmt sérreglu

Sömu tekjuliðir koma til skerðingar og með sama vægi og í grunnreglu en aðeins eigin tekjur en ekki tekjur maka og ekki atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri. Ef 2/3 hlutar eigin tekna lífeyrisþega nema lægri fjárhæð en 462.000 kr. skal mismunurinn bættur upp með tekjutryggingu. Sérreglan var sett í kjölfar öryrkjadóms og markmiðið með henni er að tryggja lífeyrisþegum tekjutryggingu án tillits til tekna maka.

### 6. Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri

Allar tekjur skerða nema atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri. Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og og verðbréfum fara yfir 4 milljónir. Viðmiðunarfjárhæðir tvöfaldast hjá hjónum.

### 7. Uppbót v/reksturs bifreiðar

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

### 8. Vasapeningar

Sama og varðandi elli- og örorkulífeyri nema hvað lífeyrissjóðstekjur koma líka til skerðingar.